

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 162162. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 26. ágúst 2022 og hófst hann kl. 9:30.**

## **Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Svanur Tómasson og Karitas Hrafn Elvarsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Karitas Hrafn Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## **Dagskrá:**

### **1. Umsókn um lóð Norðurtangi 9d - 2208004**

Umsókn um iðnaðarhúsnæði á byggingarlóð Norðurtanga 9d

*Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir samtali um staðsetningu og nýtingu lóðar. Vísar erindinu til umsagnar hafnarnefndar.*

*Í vinnslu*

### **2. Fossabrekka 10 - 2208008**

Umsókn um byggingarlóð fyrir einbýlishús í Fossabrekku 10.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara, en vísar erindinu til bæjarstjórnar varðandi gatnagerð.*

*Samþykkt*

### **3. Umsókn um lóð Gilbakki 10 - 2208010**

Umsókn um lóð á Arnarstapa - Gilbakka 10

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### **4. Umsókn um lóð Gilbakki 12 - 2208011**

Umsókn um lóð á Arnarstapa - Gilbakki 12

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### **5. Umsókn um byggingarleyfi - 2208001**

Hótel Arnarstapi ehf sækir um byggingarleyfi

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara uppfylltra skilyrða*

KAA

1

BT

Hilg HA

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*byggingarreglugerðar og staðsetningu rotþróar. Fyrirkomulagi bílastæða verði breytt í samráði við skipulagsyfirvöld Snæfellsbæjar og Vegagerðina. Slökkviliðsstjóri bendir á að gera þurfi ráðstafanir vegna ónógs vatns þrýstings á brunahana í nágrenni lóðar.*

*Samþykkt*

### 6. Umsókn um byggingarleyfi - 2208003

Sækir um breytingu á útliti á húsi á Dyngjubúð 3

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 7. Jaðar - stækkun á anddyri - 2208006

Snæfellsbær óskar eftir byggingarleyfi fyrir stækkun á inngangi/anddyri á Dvalarheimilinu Jaðri. Framkvæmdasjóður aldraða hefur veitt styrk fyrir hluta af framkvæmdinni.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 8. Aðstaða fyrir eldri borgara - 2208007

Snæfellsbær óskar eftir byggingarleyfi fyrir tæplega 500 fermetra húsnæði sem ætlað er undir félagsaðstöðu eldri borgara.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir Ólafsbraut 21 og Ólafsbraut 27. Húsið er færanlegt og ef talin er þörf fyrir aukna miðbæjarstaðsemi á þessari lóð síðar er hægt að færa húsið. Slökkviliðsstjóri bendir á að gera þurfi ráðstafanir vegna ónógs vatns þrýstings á brunahana í nágrenni lóðar.*

*Samþykkt*

### 9. Umsókn um leyfi til að setja upp girðingu á lóðarmörkum - 2208002

Umsókn fyrir girðingu á lóðarmörkum

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrir um samþykki aðliggjandi lóða.*

*Samþykkt*

### 10. Umsókn um stöðuleyfi - 2208009

Íslandspóstur óskar eftir sjálfvirkri póstaðgreiðslustöð (póstboxi) við Ráðhúsið, Klettsbúð 4 þar sem að viðskiptavinir geta bæði sent og sótt á öllum tímum sólarhringsins.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi við Ráðhús Snæfellsbæjar samkvæmt meðfylgjandi gögnum og með fyrirvara um samþykki eiganda.*

*Samþykkt*

### 11. Umsókn um auglýsingaskilti - 2208005

Umsókn um að fá að setja upp auglýsingaskilti á þremur stöðum.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um staðsetningu í samráði við byggingarfulltrúa eða tæknideildina, útfrá legu lagna og fleira.*

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Samþykkt

### 12. DSK\_Brekkann - Deiliskipulagsbreyting - 2102011

Vegna breyttra reglna hjá Þjóðskrá Íslands um skráningu á húsanúmerum er nauðsynlegt að finna ný nöfn fyrir tvær götur í brekkunni Ólafsvík til að einfalda staðföng lóðanna.

Umhverfis og skipulagsnefnd leggur til að notuð verða nöfnin Fossabrekka, Lækjarbrekka og Krókabrekka, sjá uppdrátt.

Samþykkt

### 13. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

Bréf frá Sverri Hermannssyni lagt fram. Formanni Umhverfis og skipulagsnefndar og bæjartæknifræðingi falið að hitta hann og fara yfir stöðu mála.

Lóðamál fyrir Jöklaaferðir á Arnarstapa rædd og skoðuð.

Þjörgunarsveitin hefur áhuga á að setja upp 20 fermetra gáma á Rífi fyrir dóstir - Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu og leggur til að fundið verði önnur lausn á málinu.

Umhverfis og skipulagsnefnd leggur áherslu á að gámasvæði við Rif verði klárað þannig að hægt verði að leigja út svæði undir gáma.

Kynnt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.**

A. R. A. Jóns

Halldór K. Jónsson

Halldór H. Jónsson

Biggja Tó.

Kristján H.

## Undirritunarsíða

Illugi Jens Jónasson